

Tesla hleðslustöðvar

Við hjá Bláma höfum verið í sambandi við Tesla til að fjölga hleðslustöðvum á Vestfjörðum. Þau hafa tekið virkilega vel í erindið og eru tilbúin að vinna með okkur í að koma upp þéttu neti af Tesla hleðslustöðvum á Vestfjörðum.

Tesla býðst til að gefa hleðslustöðvarnar en um er að ræða 22 kw Tesla hleðslustöðvar sem opnar verða fyrir alla rafbíla. Þau sem þiggja boðið verða eigendur af stöðinni en staðsetning stöðvarinnar verður sýnileg öllu Tesla eigendum og öðrum rafbílanotendum í gegnum kortasjá og vefsíður.

Með því að fjölga hleðslustöðvum verður auðveldara fyrir rafbílaeigendur að heimsækja Vestfirði en búast má við fjölgun rafbíla í einkaeigu og bílaleigubílum á næstu mánuðum og árum. Fjölgun á hleðslustöðvum mun líka nýttast íbúum, fyrirtækjum og er í samræmi við markmið umhverfisvottunar Vestfjarða, Earth Check.

Tjaldsvæði, sundlaugar og opinberar byggingar gætu verið mjög heppilegir staðir fyrir svona stöðvar ásamt veitingastöðum, vinsælum áningarstöðum og gististöðum.

Uppsetningarkostnaður er áætlaður um 100-200 þúsund en það fer eftir aðstæðum á hverjum stað og hann greiðist af eiganda stöðvarinnar. Athugið að kostnaður getur orðið hærrí ef leggja þarf í jarðvegsframkvæmdir eða framkvæmdir við heimtaugar til að koma rafmagni að stöðinni.

Tengja þarf stöðina við þriggja fasa rafmagn og hún þarf helst að vera sett upp á vegg.

Rafmagnskostnaður greiðist af eiganda stöðvarinnar en honum er frjálst að bjóða einungis viðskiptavinum sínum upp á að nota stöðina.

Stöðin þarf að gera tengst netinu (WiFi) svo hægt sé að uppfæra hana en Tesla gerir ráð fyrir að í náinni framtíð geti eigandi rukkað í gegnu kerfið en þá er nauðsynlegt að hafa nettengingu.

Í ljósi þess að vinna við fjárhagsáætlanagerð er í fullum gangi langaði okkur að biðla til ykkar að hafa þetta verkefni í huga í þeirri vinnu. Áætlaður uppsetningarkostnaður er eins og áður segir, 100-200 þúsund og rekstrarkostnaður felst í rafmagnskostnaði sem ræðst af notkun og skilmálum eigenda stöðvarinnar.

Við værum gjarnan til í að taka Teams fund og fara nánar yfir þetta spennandi verkefni.